

Skilablað - Hegningarhúsið - Frumathugun

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við frumathugun fyrirhugaðra framkvæmda-verkefna.

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Hegningarhúsið – Frumathugun.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst til FSR þann 28. júní 2017. Engin föst tímamörk voru á verkefninu. Verkaupi verkefnisins var Ríkiseignir.

Vífill Björnsson var verkefnastjóri FSR í verkefninu.

2 Verklýsing

Viðhaldsframkvæmd Hegningarhússins við Skólavörðustíg er unnin í samvinnu við Ríkiseignir og Minjastofnun Íslands. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignamál ríkisins og þar með umsjón mannvirkisins. Ráðuneytið óskaði eftir því við Ríkiseignir að gerð yrði frumathugunarskýrsla sem leggja átti fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF-nefnd).

Frumathugun er fyrsti áfangi í ferli opinberra framkvæmda. Á því stigi fær verkefnið sem taka á til skoðunar efnislega meðferð og könnun með það að markmiði að leiða í ljós þörf, umfang og helstu forsendur verkefnisins.

Heiti verkefnis er Hegningarhúsið – Frumathugun.

Bókhalda- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Þann 16. október 2017 fékk verkefnið verknúmerið 633 0127.

4 Framvinda

Stuðst var við skýrslu Ríkiseigna, Framkvæmdalýsing og frumkostnaðaráætlun, um viðgerð Hegningarhússins við Skólavörðustíg, útgefin þann 10. mars 2017. Steinhólf Gunnarsson, verkefnastjóri Ríkiseigna, var tengiliður verkefnisins.



Mynd 1. Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.

Rýnihópur kostnaðaráætlana hjá FSR yfirfor drög að heildarkostnaðaráætlun.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við verkefnið var 373.400 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Frumathugunarskýrslan, ásamt heildarkostnaðaráætlun, var lögð inn til afgreiðslu SOF-nefndar og tekin fyrir og samþykkt þann 26. mars 2018. Tilkynning nefndar barst 9. apríl 2018 og var tengilið Ríkiseigna tilkynnt um niðurstöðuna samdægurs.

Viðgerð Hegningarhússins er á forræði Ríkiseigna.

7 Ákvörðun verkkaupa


Á ekki við.

8 Verklok

Aðkomu FSR að verkefninu lauk við tilkynningu á niðurstöðu SOF-fundar til verkkaupa 9. apríl 2018.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.


Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri
Vífill Björnsson, verkefnastjóri